

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fundarsal Vestfjarðastofu, á Ísafirði og í fjarfundi, þriðjudaginn 19. ágúst 2025, kl 13.00.

Mætt voru Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Hildur Aradóttir (í fjarfundi) og Magnús Ingi Jónsson. Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, boðaði forföll og situr Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, varamaður fundinn í hennar stað.

Auk þeirra sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar og að hluta Erna Lea Bergsteinsdóttir, farsældarfulltrúi og Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna til fundarins og kynnti að fundurinn sé annar af tveim árlegum fundum stjórnar Fjórðungssambandsins í aðdraganda fjórðungspings. Hann kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans, engar athugasemdir komu fram.

- 1. Yfirferð samstarfsverkefna á vettvangi FV**
 - a. Hagsmunagæsla
 - b. Umhverfismál
 - c. Farsældarráð
 - d. Menningarmál
 - e. Atvinnuþróun
 - f. Markaðsstofa
 - g. Önnur samstarfsverkefni
- 2. Uppgjör framlags Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2024**
- 3. Rammi Fjárhagsáætlun FV 2026 og þriggja ára áætlun**
- 4. Dagskrá 70. Fjórðungspings**
- 5. Svæðisskipulag Vestfjarða**
 - a. Hlutverk svæðisskipulags til framtíðar- grundvöllur vinnu og ályktana
- 6. Fundur innviðaráðherra**
- 7. Umsagnir í Samráðsgátt og niðurstaða umsagna á Alþingi**
 - a. Umsögn um loftslagslög
 - b. Minnisblað um umsagnir

Gengið til dagskrár.

1. Yfirferð samstarfsverkefna á vettvangi FV (Til kynningar)

Formaður gaf framkvæmdsstjóra orðið. Sigríður kynnti munnlega yfirlit um samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum með aðild Fjórðungssambandsins og hlutfallslega skiptingu fjármagns og vinnutíma í heild og niður á deildir. Um er að ræða verkefni er varða hagsmunagæslu, umhverfismál, farsældarráð, menningarmál, atvinnuþróun, markaðsmál (Markaðsstofa) auk annarra verkefna.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra; Hildur, Freyja, Dagný og Magnús.

Mætt til fundar Erna Lea Bergsteinsdóttir, farsældarfulltrúi.

Formaður gaf Ernu Leu orðið. Hún kynnti myndrænt minnisblað varðandi samstarf sveitarfélaga í farsældarmálum og tillögu um stofnun Farsældarráðs Vestfjarða s.m.b. 5. gr, laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021 og stjórnsýslu þess.

Undirbúningshópur á vegum sveitarfélaga er að taka til starfa með farsældarfulltrúa til undirbúnings stofnunar ráðsins, haft sé að viðmiði að boða til stofnfundar þann 7. nóvember n.k., á Ísafirði. Undirbúningshópur mun einnig með farsældarfulltrúa á sjá um kynningu á verkefninu á meðal sveitarfélaga og almennings, m.a. verða kynningar á Gullkistunni og Fjórðungspingi í september n.k..

Til máls tóku auk Ernu, Gylfi, Dagný

Stjórn þakkar kynningu og felur Ernu að vinna verkefnið áfram og boða til stofnfundar þann 7. nóvember n.k..

Erna Lea vék af fundi.

2. Uppgjör framlags Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2024

Formaður gaf sviðsstjóra orðið.

Aðalsteinn kynnti tölvupóst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þann 30. júní s.l. þar sem kemur fram að endanlegt uppgjör framlaga Jöfnunarsjóðs til landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrir árið 2024 leiðir til lækkunar framlaga árisins 2025, er nemur kr 5.555.625,-.

Aðalsteinn kynnti að uppgjör síðustu ára hefðu almennt leitt til lítisháttar hækkunar framlaga og verið ráðstafað við ársuppgjör hverju sinni en ekki breytt fjárhagsáætlun innan ársins. Áætlað framlag Jöfnunarsjóðs í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 nemur 53 mkr.

Öll stjórn tók þátt í umræðu og að henni aflokinni gerði formaður tillögu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur til við fjárhagsnefnd að fjárhagsáætlun 2025 standi óbreytt. Lækkun framlags Jöfnunarsjóðs mun leiða til neikvæðar rekstrarniðurstöðu sem verði mætt með framlagi af efnahagsreikningi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Rammi Fjárhagsáætlun FV 2026 og þriggja ára áætlun

Formaður gaf sviðsstjóra orðið.

Aðalsteinn lagði fram ramma fyrir tillögu til fjárhagsáætlunar 2026 og fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára.

Öll stjórn tók þátt í umræðu.

Formaður gerði tillögu að rammi fjárhagsáætlunar stjórnar samkvæmt tillögu sviðsstjóra verði afgreidd til fjárhagsnefndar FV til umfjöllunar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Dagskrá 70. Fjórðungspings

Mætt til fundar Magnea Garðarsdóttir.

Formaður gaf framkvæmdastjóra, sviðsstjóra og verkefnastjóra orðið.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að dagskrá og þingsins í samræmi við samþykkt 70.

Fjórðungspings Vestfirðinga að vori og samþykkt Fjórðungssambandsins.

Kynnt framkvæmd þingsins og efni dagskrár rædd.

Öll stjórn tók þátt í umræðu og starfsmönnum falið að uppfæra tillögu í samræmi við umræðu og sendi endanlega tillögu til staðfestingar í tölvupósti til stjórnar og tilkynna sveitarfélögum.

Magnea vék af fundi.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða

Framkvæmdastjóri tók til umræðu hvernig svæðisskipulag breyti framsetningu mála vettvangi Fjórðungssambandsins sem grundvöllur vinnu og ályktana sambandsins um hagsmuni sambandsins. Almenn umræða efnisþætti svæðisskipulagsins og mikilvægi þess að sveitarfélögin taki skýra afstöðu til stefnu og markmiða svæðisskipulagsins.

6. Fundur innviðaráðherra

Innviðaráðherra hefur boðað til samráðsfundar nú síðar í dag á Ísafirði, fundurinn er hluti af fundaröð í öllum landshlutum og innviðaðingi í lok mánaðar. Markmið fundarins er að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórna til málaflokka ráðuneytisins til undirbúnings stefnumótun stefnuskjala ráðuneytisins næstu ára og áratuga, málaflokkar sem spanna vítt svið og varða miklu fyrir stöðu og framtíð Vestfjarða, þetta eru samgönguáætlun, byggðáætlun, fjarskiptamál og sveitarstjórnarmál.

Formaður kynnti Fjórðungssambandið hefði verið boðið að vera með erindi á fundinum. Hann kynnti hann efni síns erindis og auk framangreindra málaflokka innviðaráðuneytis mun hann ræða fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta og strandveiða. Vísaði formaður til að innviðaráðherra hefur samkvæmt forsetúrskurði þann 16. júlí s.l. tekið við ábyrgð á stjórnarmálefni atvinnumálaráðherra er varðar byggðakerfi, eða svokölluðu 5,3% kerfi.

Öll stjórn tók til máls og samþykkti efni erindis formanns.

7. Umsagnir í Samráðsgátt og niðurstaða umsagna á Alþingi

Kynnt efni tillögu að umsögn um loftlagslög sem Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri hefur unnið, mál 97/2025 í Samráðsgátt. Efni tillögunnar rætt og samþykkt að senda umsögn á grundvelli framlagðar tillögu.

Sviðstjóri kynnti minnisblað með yfirliti um stöðu mála í Samráðsgátt og frá Alþingi. Afgreidd voru frumvarp um breytingu á veiðigjaldi og þingsályktun fjármálaáætlun 2026-2030, önnur mál féllu niður og verða að öllum líkindum tekin upp á haustþingi.

Samþykkt að senda umsögn í Samráðsgátt

- mál 116/2025, áform um breytingu á vitalögum
- mál 117/2025, áform um breytingu á lögum um Byggðastofnun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.50